


Afstöðumynd 1:500




Skurður A-A 1:100


Samþykkt þann
3 1 JAN. 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinsson


**Byggingarlýsing fyrir einbýlishús að Hlíðarási 35, Hafnarfirði.**
**Staðgreinir : 38500350**

Húsið er einbýlishús úr timbureiningum á tveimur hæðum. Á neðri hæðinni eru 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, sjónvarpsrými og bílgeymsla. Á efri hæðinni eru eldhús, borðstofa, stofa og herbergi. Á lóð er gert ráð fyrir 3 bílastæðum og sorpskýli fyrir sorpílát.

Sökklar og botnplata eru staðsteypt með járnbentri steinsteypu og einangruð með 75mm plasteinangrun. Burðargrind útveggja er úr 2"x 6" og burðargrind berandi innveggja er úr 2"x 5" timburstoðum. Aðrir innveggir eru úr 2"x 4" timburgrind, klædd með tvöföldu lagi af 13mm gifsplötum.

Útveggjagrind er afstífuð með 12mm krossvið sem klæddur er með rakadúk. Á krossviðinn eru festir álleiðarar sem bera báraða álklæðningu og viðarklæðningu. Útveggir eru einangraðir með 150mm steinull og rakavarðir að innan með 02.mm þolplasti. Innan við rakavarnalagið er 50x50mm lagnagrind sem klædd er 2x13mm gifsklæðningu.

Þaksperrur og burðavirki milligólfs er úr 2"x 9" timbri. Ofan á þaksperrur er fest 12mm krossviðsklæðning sem er vatnsvarin með viðurkenndum þakdúk sem er heilbræddur á krossviðinn. Þakpappinn er með T vörn. Þakið er einangrað með 200mm þakull. Undir þakullinni er 02.mm þolplast sem rakavarnarlag, lagnagrind og 13mm gifsklæðning.

Burðargrind milligólfs er klædd að ofan með 22mm fösuðum spónarplötum. Að neðan með 50x50mm lagnagrind og klædd með 2x13mm gifsklæðningu. Milli laga er 200mm steinull.

Gluggar og svalahurðir eru úr PVC og glerjaðir með tvöföldu K gleri. Hita-og hljóðeinangrandi Argon gas á milli glerja.

Svalir hvíla á þaki hluta 1. hæðar, þar ofan á er þakdúkur með vatnshalla og ofan á honum er trépallur.

Björgunarop eru úr svefnherbergjum. Allar klæðningar eru úr flokki 1. Samfara eðlilegu viðhaldi og breytingum á húsinu skal uppfæra brunakröfur samkvæmt byggingarreglugerð og þessum teikningum. Í húsinu verða samtengdir reykskynjarar.

**Stærðartölur húss:**

| | $m^2$ | $m^3$ |
|---|---|---|
| **Stærð** | 244,0 | 703,2 |
| **Stærð lóðar** | 681 | |
| **Nýtingarhlutfall** | 0,35 | |

**Kólnunartölur:**

| | |
|---|---|
| Hámarksgildi | $W/m^{2o}C$ |
| Útveggir | 0,32 |
| Þak | 0,19 |
| Meðaltal glugga og glers | 1,90 |
| Vegið meðaltal útveggja | 0,80 |

| | |
|---|---|
| Hlíðarás 35, Hafnarfirði | A2 blað 1 af 5 |

Einbýlishús
Aðalteikningar
Afstöðumynd, skurður og byggingarlýsing

Breytt: Dags: Lýsing:

Hannað: ÓP Teiknað: ÓP Dagsett: 14.01.2007 MKV: 1:100 / 1:500


Páll V. Bjarnason 060346-2249
Ólöf Pálsdóttir 160174-3589

P A R K

PÁLL V. BJARNASON ARKITEKT FAÍ
ÓLÖF PÁLSDÓTTIR ARKITEKT
HÖNNUN - RÁÐGJÖF - ENDURBYGGINGAR

HAFNARSTRÆTI 19
101 REYKJAVÍK
KT. 431005-0690
SÍMI: 5789880, 8219880
www.p-ark.is
p-ark@p-ark.is